

# LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL · 107 REYKJAVÍK · S: 91-29899 og 19200 · NNR. 5978—8922.



Stofnað 1949

6. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöllinni 22. júní 1993.  
Fundur hófst kl. 14:25

Formaður L.H. Guðmundur Jónsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Eftirtaldir voru mættir:

Guðmundur Jónsson, Guðbrandur Kjartansson, Halldór Gunnarsson, Sigfús Guðmundsson, Sigbjörn Björnsson, Agust Oddsson og Sigurður Þórhallsson framkvæmdastjóri L.H. Kristmundur Halldórsson kom síðar á fundinn.

## 1. Bréf frá æskulýðsnefnd L.H.

Formaður kynnti bréf frá nefndinni þar sem fram kemur að ákveðið hefur verið að senda 11 þáttakendur í unglingsflokki á Danska meistaramótið og unglingsabúðir í tengslum við það.

Ákveðið er að Rosmarie Þorleifsdóttir og Elín Magnúsdóttir fari með hópnum til Danmerkur. Í fyrnefndu bréfi kemur fram ósk um styrk frá L.H. vegna kostnaðar fararstjórnans tveggja. Stjórnin samþykkti styrk að upphæð kr. 50.000 sem skiptist jafnt milli beggja fararstjórnans. Unglingarnir fara út á eigin kostnað en fram kom á fundinum að hestamannafélögin styrkja sína unglings mörg hver myndarlega.

## 2. Samningur við Flugleiðir h.f.

Framkvæmdastjóri L.H. kynnti samning sem gerður hefur verið milli L.H. og HÍS annars vegar og hins vegar Flugleiðir h.f. Samningurinn gildir frá 1. júní 1993 til 1. júlí 1995. Í samningnum er tilgreint framlag HÍS og L.H. til Flugleiða og jafnframt framlag Flugleiða til beggja samtakanna L.H. og HÍS. Að öðru leyti er vísað til sammningsins sem undirritaður var 15. júní 1993.

## 3. Málefni Hestsins okkar.

Sigurður Þórhallsson greindi frá stöðu málsins. Búið er að greiða Gunnari Gunnarssyni kr. 200.000 upp í áskrifendaskrána. Guðmundur, Guðbrandur og Sigfús munu ganga frá málínu við G.G. nú á næstunni.

Sigurður Þórhallsson mun taka að sér að áætla skrifstofukostnað fyrir blaðið. Þá var það samþykkt að G.G. verði ekki greitt meira fyrr en samningstíma við hann lýkur um næstu áramót. Útgáfumál Hestsins okkar voru töluvert rædd og voru fundarmenn sammála um að L.H. hefði alla burði til að gefa út tímarit.

## 4. Fjármálastaða L.H.

Stjórnin fjallaði um fjármálastöðu L.H. og felur framkvæmdastjóra og gjaldkera að vinna að því að ársreikningur 1992 liggi fyrir í byrjun september og jafnframt liggi þá fyrir 6-8 mánaða uppgjör ársins 1993.

## 5. Aðalmál næsta ársþings L.H.

Formaður kynnti bréf frá landgræðslustjóra þar sem hann leggur til að þemað íslenski hrossastofninn verði eitt meginumfjöllunarefni á næsta ársþingi L.H. Þar verði ekki hvað síst fjallað um hinum ymsu hliðar mikils hrossafjölda og leitað leiða til að stuðla að því að hestamennskan sé stunduð í fullri sátt við landið. Ágúst Oddsson greindi frá störfum keppnisnefndar og skýrði frá tilraunum sem verið er að gera, og gera á í sumar í breytingum á gæðingakeppni. Miklar umræður urðu um mótaðald, samtök okkar hestamanna, og nefndarálit sem fram er komið varðandi kosti þess og galla að sameina L.H. og HÍS. Fundurinn telur að aðalmálefni landsþings L.H. 1993 geti orðið um þessi málefni. Endanleg ákvörðun í þessu máli verður tekin á stjórnarfundi í september n.k.

Þá tóku fundarmenn vel í tillögu landgræðslustjóra um að erindi hans komi inn á landsþing með einum eða öðrum hætti.

## 6. Fjórðungsmót á Norðurlandi 1993.

Stjórn L.H. hafa borist tvö bréf frá Viðari Arnarsyni og Helga Jóhannessyni. Efni fyrra bréfsins fjallar um gæðingakeppni sem haldin var 6. júní s.l. á Blöndubökkum á vegum hestamannafélagsins Neista á Blönduósi og nærsveitum. Keppnin var jafnframt úrtaka vegna FM'93.

Í bréfi dags. 7. júní segir m.a. "Með bréfi þessu berum við fram formlega kæru vegna ofangreindrar niðurstöðu dómara í umræddri gæðingakeppni. Við undirritaðir viljum leita réttar okkar og teljum við reglum um gæðingakeppni hafi ekki verið fylgt en hestur okkar hafnaði í 4. sæti mótsins og er því þátttökuréttur á fjórðungsmóti í húfi".

Síðara bréfið er dags. 21. júní og er ítrekun á fyrra bréfinu. Þar kemur m.a. fram ósk frá Viðari Arnarsyni um að stjórn L.H. vísi hesti Jóns K. Sigmarssonar úr keppni á Vindheimamelum þar sem hestur hans hafi hlutið keppnisrétt á fölskum forsendum vegna mistaka dómara.

Af þessu tilefni ályktar stjórn L.H. eftirfarandi:

Stjórn L.H. hefur aðeins frásögu annars aðila, en svo virðist sem farið hafi verið út fyrir reglur.

Stjórn L.H. sér sér ekki fært að hnækja dómnum þar sem ekkert er í reglum L.H. um að stjórnin geti beitt sér hvað þetta varðar, þótt meint mistök hafi átt sér stað. Dómur sem felldur hefur verið verður að gilda.

Stjórn L.H. getur samkvæmt reglum áminnt dómara og haft í frammi ýmiss viðurlög til að svona eigi sér ekki stað. Að öðru leyti er vísað til greinar 3 í kafla í reglugerðum í gæðingakeppni og greinar 6 í reglum um réttindi gæðinga- og unglingsdómara. Framkvæmdastjóra L.H. er falið að senda hlutaðeigandi aðilum ályktun stjórnar. Jafnframt verði stjórn Neista ritað bréf þar sem fram komi að hún hlutist til um að gera tilraun til að leysa framangreinda deilu heima í héraði. Þá verði Dómarafélagi L.H. gerð grein fyrir málinu og óskað eftir að allra leiða verði leitað til þess að koma í veg fyrir mál af þessum toga.

**7. Erindi Skálatúnshemilisins.**

Rætt erindi frá Skálatúnshemilinu um að foreldravinafélagið hefði fund með vistmönum heimilisins að Skógarhólum laugardaginn 3. júlí n.k. "Grilldagur". Þessu vel tekið af stjórн L.H. og leyfið veitt.

**8. Aðalfundur FEIF.**

Aðalfundur FEIF verður haldinn 23. ágúst n.k. í Spaarnvoude í Hollandi. Guðmundur Jónsson sækir fundinn ásamt Sigurði Ragnarssyni stjórnarmanni í FEIF og væntanlega Víkingur Gunnarsson frá Búnaðarfélagi Ísl.

**9. Bréf frá Slovenija.**

Kynnt bréf frá nýstofnuðu ræktunarfélagi eigenda íslenskra hesta í Slovenija. Framkvæmdastjóra L.H. falið að senda þessu nýja félagi árnaðaróskir L.H.

**10. Áfangar (útgáfa).**

Efni liggur fyrir í Áfanga og mun formaður ræða við Hjalta Pálsson varðandi útgáfumálin.

**11. Pjórsárbakkar.**

Kristmundur ræddi um framkvæmd samkomulags við landeigendur að Pjórsárbökkum, einkum hvað varðar hrossarekstra er nauðsynlegt að virða þegar gert samkomulag.

**12. Sameining L.H. og HÍS.**

Fundurinn felur framkvæmdastjóra að rita þeim félögum bréf sem ekki hafa sent álit varðandi nefndarálit um kosti og galla þess að sameina L.H. og HÍS.

Fleira ekki fært til bókar.

Halldór Gunnarsson  
Kristmundur Halldórsson  
Águst Oddsson  
Guðbrandur Kjartansson

Guðmundur Jónsson  
Sigbjörn Björnsson  
Sigfús Guðmundsson